

**17. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,
10. apríl 2019 og hófst hann kl. 09:15**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson oddviti, Elísabet Sigurðardóttir aðalmaður, Sigurður
Böðvarsson varaoddviti, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Dagbjört
Bjarnadóttir aðalmaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, .

Fundargerð ritaði: Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

Í upphafi fundar lagði oddviti til að bæta við einu máli á dagskrá fundarins með
afbrigðum:

Markaðsstofa Norðurlands - Endurnýjun á samstarfssamningi - 1812008

Samþykkt samhljóða að bæta málinu við á dagskrá undir lið nr. 1 og færast önnur mál
neðar sem því nemur.

1. Markaðsstofa Norðurlands - Endurnýjun á samstarfssamningi - 1812008

Að beiðni Markaðsstofu Norðurlands er lagður fram nýr þjónustusamningur við
Skútustaðahrepp. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2019 og er til þriggja ára og
rennur þá út 31. desember 2021 en er jafnframt uppsegjanlegur árlega. Gjald fyrir
þjónustu verksala miðast við íbúafjölda og er kr. 500.- pr. íbúa á ári og miðast
greiðsla við íbúafjölda 1. des árið á undan. Upphæðin er óbreytt frá síðasta
þjónustusamningi og rúmast innan fjárhagsáætlun ársins.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra undirritun
hans.*

**2. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Stækkun Vatnajökulspjóðgarðs á
norðursvæði - 1706026**

Á fundi sveitarstjórnar 23. ágúst 2017 var lagt fram bréf frá umhverfis- og
auðlindaráðuneyti um stækkun Vatnajökulspjóðgarðs á norðursvæði. Óskað var
eftir afstöðu og samþykki Skútustaðahrepps um að norðursvæði stækki í samræmi
við tillögu svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Sveitarstjórn samþykkti
að fresta afgreiðslu málsins og óska eftir nánari gögnum frá ráðuneytinu.

Ekki bárust viðbrögð ráðuneytisins við beiðni sveitarstjórnar fyrr en í þar síðustu
viku þar sem ráðuneytið sendi inn greinargerð og kort um málið.

Umhverfisnefndin tók málið fyrir á fundi sínum 4. apríl s.l. og beindi því til
sveitarstjórnar að óska eftir nánari upplýsingum frá ráðuneytinu um fjármagn sem
fylgja ætti stækkun þjóðgarðsins. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að slóðar að
minjum verði haldið opnum sem og leitarlóðum fyrir búfé.

Umbeðnar upplýsingar bárust frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 8. apríl s.l.
Samkvæmt upplýsingum ráðuneytsins hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi
landvörslu og uppbyggingu innviða:

- 4.500.000 kr. til viðbótar landvörslu á árinu 2019 á vegum Vatnajökulspjóðgarðs.
- 5.130.000 kr. til uppbyggingar innviða 2020 og felst einkum í stýringu á
gönguleiðum en eftir á að útfæra verkefnið nánar með heimamönnum.

Herðubreiðarfriðland og Grafarlönd hafa verið friðlýst síðan 1974. Ábyrgð
stjórnsýslu og leyfisveitinga er á höndum Umhverfisstofnunar, sem hefur með
umsjónarsamningi veitt Vatnajökulspjóðgarði umboð til daglegrar umsýsni
svæðisins. Fram kemur í svari ráðuneytsins að talið er að um 20 þúsund
dvalargestir á leið í öskju nýta afmarkaðan hluta gönguleiða í Herðubreiðarlindum,

7.7.

en álag þeirra á áfangastöðum við veginn á leið í Öskju er þeim mun meira (Grafarlönd og Gljúfrasmiður). Næturgestir í Herðubreiðarlindum (um 1.600 talsins) nýta gönguleiðir meira og líklegt að myndi aukast enn frekar, ef það markmið næst að efla landvörslu á svæðinu með friðlýsingar undir hatti Vatnajökulspjóðgarðs. Gönguleið á Herðubreið er eingöngu fær reyndara fjallafólki eða með leiðsögn en þörf á endurnýjun merkinga við uppgönguna. Viðkvæmni svæðisins er mikil, sérstaklega á varptíma og þegar grunnvatnsstaða er há. Stýring umferðar er þó auðveld í framkvæmd, sé til þess nægur afli til landvörslu.

„Þörf á viðhaldi innviða í Herðubreiðarlindum er orðið mjög brýnt því svæðið hefur í raun nánast verið einskismannsland. Ákjósanlegt væri fyrir málaflökk náttúruverndar, að ekki sé talað um svæðið sjálft, að með friðlýsingu yrði ávinningur hennar sýnilegur sem fyrst og augljósast með uppbyggingu innviða og viðhlítandi landvörslu,“ segir í svari ráðuneytsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að norðursvæði stækki í samræmi við tillögu svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs með þeim fyrirvara að slóðum að minjum verði haldið opnum sem og leitarlóðum fyrir búfé líkt og umhverfisnefnd leggur áherslu á. Sveitarstjórn fagnar því að aukið fjármagn skuli veitt í landvörslu og til uppbyggingu innviða í Vatnajökulspjóðgarði.

3. EFS - Fjárfesting og eftirlit með framvindu 2019 - 1903034

Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dagsett 18. mars. Efni bréfsins er "Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Fjárfesting og eftirlit með framvindu á árinu 2019".

Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að útbúa verklagsreglur í samræmi við efni bréfsins.

4. Endurbygging sundlaugar í Reykjahlíð - 1810043

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að mynda stýrihóp um endurbyggingu sundlaugar í Skútustaðahreppi, tilnefningar ásamt erindisbréfi yrðu lagðar fyrir 17. fund sveitarstjórnar.

Lagðar fram eftirfarandi tilnefningar:

- Sveitarstjórn: Helgi Héðinsson formaður og Halldór Þ. Sigurðsson.
- Atvinnumála- og framkvæmdanefnd: Edda Hrund Guðmundsdóttir.
- Grunnskóli / Mývetningur, Íþrótt- ungmennafélag: Jóhanna Jóhannesdóttir.
- Fulltrúar íbúa og atvinnulífs: Pétur Snæbjörnsson og Ólafur Ragnarsson.
- Fulltrúi eldri Mývetninga: Birkir Fanndal.

Sveitarstjóri verður starfsmaður nefndarinnar.

Lagt fram erindisbréf nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir tilnefningar í nefndina og erindisbréfið samhljóða.

5. HSP: Ársskýrsla 2018 - 1904002

Lögð fram ársskýrsla HSP fyrir starfsemina árið 2018 en aðalfundurinn var haldinn í Skjólbrekku.

6. Sparisjóður Suður-Þingeyinga: Aðalfundarboð - 1804002

Lagt fram aðalfundarboð frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga ses. 11. apríl n.k. en fundurinn verður haldinn í Skjólbrekku.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Sigurður Guðni Böðvarsson fari með umboð Skútustaðahrepps á fundinum.

7. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024

Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram skýrslu um helstu verkefni frá síðasta sveitarstjórnarfundi.

Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

A.A.

2023 10 10 10:10:10

8. Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1809010

Lögð fram fundargerð 8. fundar velferðar- og menningarmálanefndar dags. 2. apríl 2019. Fundargerðin er í tveimur liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina samhljóða.

9. Umhverfisnefnd: Fundargerðir - 1611036

Lögð fram fundargerð 7. fundar umhverfisnefndar dags. 4. apríl 2019. Fundargerðin er í 6 liðum.

Liður 3 hefur hefur þegar verið tekinn fyrir og afgreiddur í þessari fundargerð í máli nr. 1.

Liður 5: Umhverfisstefna Skútustaðahrepps: Endurskoðun - 1611044

Umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að vel heppnað hreinsunaráttak á bílhræjum og brotajárni 2018 verði endurtekið í vor.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Helsi Hildins

[Handwritten signature]

Elisabet Sigurðard.

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]
